

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2015/1515****2019/EES/25/16****frá 5. júní 2015****um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar framlengingu  
umbreytingartímabilanna í tengslum við lífeyriskerfi (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár <sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 85. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Miðlægir mótaðilar eru milliliðir milli mótaðila að samningum sem viðskipti eru með á einum eða fleiri fjármálamörkuðum. Útlánaáætla þessara mótaðila er milduð með því að krefjast trygginga sem reiknaðar eru út til að standa straum af mögulegu tapi vegna vanskila. Miðlægir mótaðilar samþykkja aðeins auðseljanlegar eignir, yfirleitt reiðufé, sem tryggingu til að uppfylla kröfur um viðbótartryggingu svo hægt sé að innleysa þær skjótt komi til vanskila.
- 2) Lífeyriskerfi í mörgum aðildarríkjum eru virkir þátttakendur á OTC-afleiðumörkuðum. Lífeyriskerfi lágmarka þó almennt stöður sínar í reiðufé og eiga þess í stað fjárfestingar sem gefa hærri ávöxtun, s.s. verðbréf, til að tryggja góða ávöxtun fyrir lífeyrisþega. Einingar sem starfrækja lífeyriskerfi og hafa þann megintilgang að greiða bætur við starfslok, yfirleitt í formi ævilangra greiðslna, en einnig sem tímabundnar greiðslur eða sem eingreiðslu, takmarka yfirleitt úthlutun sína við reiðufé til að hámarka skilvirkni og ávöxtun fyrir skírteinishafa sína. Þar af leiðandi myndi krafa um að slíkar einingar stöðustofnuðu OTC-afleiðusamninga miðlægt valda því að nauðsynlegt yrði að losa verulegan hluta eigna þeirra fyrir reiðufé til að þær gætu uppfyllt viðvarandi kröfur miðlægra mótaðila um tryggingar.
- 3) Í 1. mgr. 80. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 er því kveðið á um að í þrjú ár eftir gildistöku þeirrar reglugerðar gildi stöðustofnunarskyldan, sem sett er fram í 4. gr., ekki um OTC-afleiðusamninga, sem unnt er að mæla hlutlægt að dragi úr fjárfestingaráhættu sem tengist beint fjárhagslegri gjaldfærni lífeyriskerfa. Umbreytingartímabilið gildir einnig um einingar sem komið er á fót í þeim tilgangi að greiða bætur til aðila lífeyriskerfa ef um er að ræða vanskil.
- 4) Til að meta núverandi stöðu til fulls útbjó framkvæmdastjórnin skýrslu í samræmi við 2. mgr. 85. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 þar sem metið er hvort miðlægir mótaðilar hafa gert nauðsynlegar ráðstafanir til að þróa viðeigandi tæknilausnir fyrir yfirfærslu lífeyriskerfa á öðrum tryggingum en reiðufé sem viðbótartryggingu. Til að framkvæma þetta mat fyrirskipaði framkvæmdastjórnin grunnrannsókn á lausnum vegna framlagningar lífeyriskerfa á öðrum tryggingum en reiðufé til miðlægra mótaðila og jafnframt áhrifunum af því að afnema undanþáguna ef engin lausn finnst að því er varðar lækun á eftirlaunatekjum lífeyrisþega lífeyriskerfanna sem þetta hefur áhrif á.
- 5) Framkvæmdastjórnin telur, í samræmi við niðurstöður skýrslu sinnar, að miðlægir mótaðilar hafi á þessum tímabili ekki gert nauðsynlegar ráðstafanir til að þróa viðeigandi tæknilausnir og að skaðleg áhrif þess að stöðustofna OTC-afleiðusamninga miðlægt á eftirlaun séu enn óbreytt.
- 6) Því ætti að framlengja þriggja ára umbreytingartímabilið sem um getur í 1. mgr. 89. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 um tvö ár.
- 7) Þessi reglugerð ætti að öðlast gildi eins fljótt og auðið er til að hægt sé að framlengja yfirstandandi umbreytingartímabil áður en því lýkur, eða um leið og því lýkur, eftir því sem við verður komið. Síðari gildistaka gæti leitt til réttaróvissu fyrir lífeyriskerfi um það hvort þau þurfa að byrja að undirbúa komandi stöðustofnunarskyldur.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtuð. ESB L 239, 15.9.2015, bls. 63. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2018 frá 31. maí 2018 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtuð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Í stað fyrstu undirgreinar 1. mgr. 89. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 komi eftirfarandi:

„Fram til 16. ágúst 2017 gildir stöðustofnunarskyldan sem um getur í 4. gr. ekki um OTC-afleiðusamninga, sem unnt er að mæla hlutlægt að dragi úr fjárfestingaráhættu sem tengist beint fjárhagslegri gjaldfærni lífeyriskerfa, eins og þau eru skilgreind í 10. mgr. 2. gr. Umbreytingartímabilið gildir einnig um einingar sem komið er á fót í þeim tilgangi að greiða bætur til aðila lífeyriskerfa ef um er að ræða vanskil.“

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. júní 2015.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

---